

# Eftirfylgni: Viðskipti heilbrigðisyfirvalda við Heimilislæknastöðina ehf.

## Útdráttur úr skýrslu frá árinu 2011

Í skýrslunni Viðskipti heilbrigðisyfirvalda við Heimilislæknastöðina ehf. (mars 2011) gerði Ríkisendurskoðun grein fyrir niðurstöðum úttektar sinnar á því hvernig heilbrigðisyfirvöld hefðu staðið að framkvæmd þjónustusamnings við Heimilislæknastöðina ehf. um rekstur Heilsugæslunnar Lág múla. Sá samningur var gerður árið 1997 og gildi til ársloka 2000 en var ekki endurnýjaður. Ríkisendurskoðun hefur allt frá árinu 2004 ítrekað nauðsyn þess að það sé gert, m.a. í opinberum skýrslum um endurskoðun ríkisreiknings. Annar þjónustusamningur var gerður við Heimilislæknastöðina ehf. árið 1999, um lækni- og hjúkrunarþjónustu í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu. Sá samningur gildi til ársloka 2004 og var ekki heldur endurnýjaður. Heimilislæknastöðin ehf. sinnir þó áfram þjónustunni sem samningarnir tveir kveða á um.

Sjúkratryggingar Íslands hafa borið ábyrgð á samningum heilbrigðisyfirvalda allt frá árinu 2009. Árið 2010 tók stofnunin út framkvæmd samningsins um Heilsugæsluna Lág múla. Niðurstaðan var sú að þjónustan væri góð og í samræmi við samninginn. Einnig var stefnt að því að nýr samningur tæki gildi eigi síðar en í ársbyrjun 2011. Það gekk ekki eftir. Í janúar það ár var hins vegar gert bráðabirgðasamkomulag um greiðslur til Heimilislæknastöðvarinnar ehf. í samræmi við upphaflegan samning. Það samkomulag gildir svo lengi sem báðir aðilar samþykkja eða þar til nýr samningur leysir það af hólmi.

Í skýrslu sinni árið 2011 lagði Ríkisendurskoðun áherslu á að gera þyrfti upp fjárskuldbindingar Heimilislæknastöðvarinnar ehf. vegna samningsins frá 1997 áður en nýr samningur yrði gerður við félagið. Það uppgjör lýtur einkum að lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna læknastöðvarinnar og endurnýjun á búnaði sem ríkið lagði til og Heimilislæknastöðin ehf. skal halda við og endurnýja. Við uppgjórið skal nýta sérstakan varasjóð sem félagið skal mynda með helmingi af árlegum hagnaði Heimilislæknastöðvarinnar ehf. verði um afgang að ræða. Hinn hlutinn rennur til Heimilislæknastöðvarinnar ehf.

Ríkisendurskoðun benti í þessu sambandi á að varasjóðurinn hefði aldrei verið tilgreindur í ársreikningi Heilsu-

gæslunnar Lág múla. Ríkisendurskoðun hefði þó allt frá árinu 2003 ítrekað bent á að slíkt skyldi gert, m.a. í opinberum skýrslum um endurskoðun ríkisreiknings. Um leið vakti stofnunin athygli á að samkvæmt ársreikningum næði óráðstafað eigið fé Heimilislæknastöðvarinnar ehf. (24,4 m.kr. í árslok 2009) ekki eðlilegri fjárhæð varasjóðs. Miðað við 142,3 m.kr. rekstrarafgang stöðvarinnar á árunum 1997–2009 hefði varasjóðurinn átt að nema 71,2 m.kr. Heimilislæknastöðin ehf. hefði hins vegar greitt út 130,9 m.kr. í arð á árunum 2000–09.

Heimilislæknastöðin ehf. taldi reyndar að peningalegar eignir sínar nægðu til að mæta skuldbindingum varasjóðsins. Af ársreikningi félagsins í árslok 2012 mátti líka ráða að þá hefði verið bætt verulega í varasjóðinn og nam bókfært fé hans þá 93,8 m.kr.

Í skýrslu sinni árið 2011 beindi Ríkisendurskoðun tveimur ábendingum til heilbrigðisyfirvalda:

- ✓ Hyggist heilbrigðisyfirvöld halda áfram að kaupa þjónustu Heimilislæknastöðvarinnar ehf. ber Sjúkratryggingum Íslands að hraða gerð nýs þjónustusamnings þar um og tryggja að honum sé fylgt.
- ✓ Verði nýr samningur gerður við Heimilislæknastöðina ehf. ber Sjúkratryggingum Íslands fyrst að gera upp fjárskuldbindingar félagsins vegna samningsins frá árinu 1997.

## Eftirfylgni 2014

Í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun hverri úttekt eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar. Í því sambandi leggur stofnunin megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík eftirfylgni fer alla jafna fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

Í bréfi sínu til Ríkisendurskoðunar 4. febrúar 2014 svaraði velferðarráðuneyti því hvort og þá hvernig brugðist hefði verið við ábendingum Ríkisendurskoðunar frá árinu 2011. Fram kom að ráðuneytið tæki undir ábendingarnar og

hefði leitast við að leysa málið með þeim hætti sem Ríkisendurskoðun lagði til, þ.e. með uppgjöri varasjóðs og skuldbindinga og nýjum samningi. Jafnframt kom fram að Sjúkratryggingar Íslands hefðu leitað eftir samningi um þjónustuna en að tilraunir til að leysa málið hefðu reynst árangurslausar. Vegna þessa hefði ekki verið mögulegt að verða við ábendingum Ríkisendurskoðunar.

Af bréfi velferðarráðuneytis má ráða að ástæða þess að ekki hefðu náðst samningar við Heimilislæknastöðina ehf. fælist í ólíkri túlkun samningsaðila á tilgangi varasjóðsins og fjárskuldbindingum læknastöðvarinnar:

Eigendur stöðvarinnar telja að varasjóður skuli renna óskiptur til fyrirtækisins, en velferðarráðuneyti og Sí [Sjúkratryggingar Íslands] telja að áður verði að gera upp þær fjárskuldbindingar sem samningurinn felur í sér, þ.e. lífeyrisskuldbindingar og endurnýjun á búnaði stöðvarinnar. Krafa um uppgjör lífeyrisskuldbindinga byggir á sjónarmiðum fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Ríkisendurskoðun tekur fyrir sitt leyti undir sjónarmið ráðuneytanna og Sjúkratrygginga Íslands. Í því sambandi vísar stofnunin annars vegar í greinar 8.4 og 17 í samningnum við Heimilislæknastöðina ehf. frá árinu 1997. Þær fjalla um ábyrgð verksala (Heimilislæknastöðvarinnar ehf.) á greiðslu lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna sinna (hjúkrunarkvenna), þó með því fráviki að verkkaupi (ríkissjóður) skal greiða lífeyrishækkningar, skv. 21. gr. laga nr. 16/1965 (nú 20. gr. laga nr. 2/1997). Hins vegar vísar stofnunin í grein 5.1.2 í samningnum þar sem fram kemur að verksali beri ábyrgð á umhirðu, viðhaldi og endurnýjun þess búnaðar sem verkkaupi leggur til og að úttekt á honum skuli fara fram í lok samningstíma.

Í framhaldi af fyrirspurnum Ríkisendurskoðunar í apríl 2014 óskuðu Sjúkratryggingar Íslands eftir því að fjármála- og efnahagsráðuneyti léti gera fjárhags- og lögfræðilega grein fyrir lífeyrisskuldbindingum Heimilislæknastöðvarinnar ehf. Niðurstaða þess frá 13. maí, að fengnum útreikningum tryggingastærðfræðings, var sú að óuppgerð skuldbinding stöðvarinnar í árslok 2013 hefði numið 25,6 m.kr. Þá hefði bæði verið tekið tillit til innborgana stöðvarinnar vegna viðbótariðgjalda og áætlaðra lífeyrishækkana á ábyrgð ríkissjóðs.

Heimilislæknastöðin ehf. óskaði álits endurskoðunarfélags á þessari niðurstöðu. Í bréfi frá 20. maí gerði það ekki ágreining um túlkun ráðuneytisins um ábyrgð stöðvarinnar en taldi sig ekki hafa forsendur til að meta útreikninga þess á óuppgerðri skuldbindingu Heimilislæknastöðvarinnar ehf.

Sjúkratryggingar Íslands gerðu í lok árs 2012 úttekt á búnaði Heilsugæslustöðvarinnar Lág múla og var niðurstaðan sú að hann þyrfti endurnýjunar við. Ríkisendurskoðun veit ekki til þess að skuldbinding Heimilislæknastöðvarinnar ehf. vegna þessa hafi verið metin til fjár. Vandséð er þó að hún þurfi að standa í vegi fyrir heildaruppgjöri samnings heilbrigðisyfirvalda við stöðina, komi annað ekki til.

Ríkisendurskoðun er kunnugt um að Sjúkratryggingar Íslands og Heimilislæknastöðin ehf. hafa fundað um málið eftir að niðurstaða og útreikningar fjármála- og efnahagsráðuneytis lágu fyrir. Jafnframt hafa Sjúkratryggingar Íslands upplýst Ríkisendurskoðun um að eðlilegt sé að segja upp núverandi samningi við Heimilislæknastöðina ehf. með sex mánaða fyrirvara og stefna að því að ljúka málinu með uppgjöri varasjóðsins og með nýjum samningi við núverandi rekstraraðila í júní 2014. Eins hafa fulltrúar Heimilislæknastöðvarinnar upplýst Ríkisendurskoðun um að stöðin muni standa skil á skuldbindingum sínum.

Ríkisendurskoðun fagnar því að mál hafa færst í rétta átt. Enn hefur þó ekki verið gengið frá uppgjöri fjárskuldbindinga félagsins vegna samningsins frá 1997 og gerð nýs samnings. Mikilvægt er að undinn verði bráður bugur að því. Til að nýr samningur geti tekið gildi í ársbyrjun 2015 þarf að ljúka málinu fyrir júnílok 2014.

Með tilliti til þess hvernig mál hafa þróast undanfarnar vikur telur Ríkisendurskoðun ekki rétt að ítreka ábendingar sínar frá 2011 að svo stöddu. Stofnunin hvetur velferðarráðuneyti, Sjúkratryggingar Íslands og Heimilislæknastöðina ehf. hins vegar til að ljúka málinu sem allra fyrst.

Sjúkratryggingar Íslands, velferðarráðuneyti og Heimilislæknastöðin ehf. fengu drög að þessari skýrslu til umsagnar. Ríkisendurskoðun var einnig í margvíslegum samskiptum við þessa aðila meðan á vinnslu verkefnisins stóð og telur rétt að þakka þeim sérstaklega fyrir gott samstarf.